

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 6. apríl 2020
UST202003-341/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 - 2028 - Minna-Hof

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 13.mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu vegrar breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 – 2028 fyrir Minna-Hof.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreint verður 110 ha íbúðarsvæði og minnkar landbúnaðarland að sama skapi.

Auk þess kemur fram að svæðið sem er hér til umfjöllunar var auglýst sem íbúðasvæði (þá sem ÍB20) við heildarendurskoðun aðalskipulags og engar athugasemdir bárust vegna íbúðasvæðis á þeim tíma en var svæðið var fellt út að lokinni auglýsing að tilmælum Skipulagsstofnunar, sem taldi ekki þörf á auknum íbúðasvæðum í sveitarfélaginu.

Íbúðarbyggð

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn dags. 16. nóvember 2018. Í umsögn stofnunarinnar segir m.a. að í landskipulagsstefnu í kafla 2.1.1 sem nefnist sjálfbær byggð í skipulagsáætlunum segir að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.

Umhverfisstofnun telur þurfa að rökstyðja í tillöggunni hvernig önnur íbúðarsvæði í dreifbýli samrýmast markmiðum Landskipulagsstefnu með tilliti til atvinnuuppbryggingar í dreifbýli.

Auk þess kemur fram í umsögn stofnunarinnar að í umhverfisskýrslu eru þrjú ný íbúðarsvæði í dreifbýli metin, en þau eru á Gaddstöðum, Minna-Hofi og Ægissíðu. Í skýrslunni er metið hver áhrifa uppbryggingar þeirra eru á náttúru, landslag, samfélag, samgöngur, heilsu og vellíðan og minjar. Í umhverfisskýrslu kemur fram að uppbrygging á Minna-Hofi og Ægissíðu eru metin neikvæð fyrir utan samfélag sem eru metin jákvæð og uppbrygging á Gaddastöðum erum metin óveruleg. Umhverfisstofnun telur mikilvægt

að það komi fram rökstuðningur fyrir því í tillögunni af hverju þessi svæði eru fyrir valinu sem ný íbúðarsvæði í dreifbýli sveitarfélagsins þar sem umhverfisáhrif þeirra er metin neikvæð.

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið nær til Eystri-Rangár og bendir því stofnunin á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Stöðuvatn

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er ónefnt stöðuvatn sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hægt er að sjá vatnið á kortasjá NÍ <https://serstokvernd.ni.is/>.


Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um vatnið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur